

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundargerð 4. stjórnarfundar, starfstímabilið 2013-14 Föstudagur 13.júni kl. 08:30.

Mættir voru Soffía Guðmundsdóttir, Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.
Síðasti fundur fyrir sumarfrí,

- Hafin er viðhaldsvinna á húsnæði leikskólans. Nú er verið á klára að skipta um loftaplötur á Ási.
- Það er ekki hafin framkvæmd á útileiksvæði við Holt sem er áhyggjuefni. Ákjósanlegt væri að útileiksvæðið væri tilbúið þegar aðlögun barna hefst þar um 21. Ágúst.
- Stór og yfirgripsmikil úttekt var framkvæmd á Leikskóla Seltjarnarnes í febrúar 2014. Úttektin var unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið. Nú liggur fyrri skýrsla byggð á þessari úttekt sem ber nafnið „Ytra mat Leikskóla Seltjarnarness „. Á fundi með skólanefnd kom fram að Leikskólinn og Baldur fræðslufulltrúi munu í sameiningu senda formlegt svar við úttektinni. Sum verkefni er þegar búið að laga en erfiðara er að verða við öðrum. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu Leikskólans og bæjarfélagsins ásamt tímasettri verkaáætlun þegar svör liggja fyrir að sögn fræðslufulltrúa.
- Verkefni að byrja með Gylfa Dalman og deildarstjóra leikskólans, tilgangur verkefnisins er að styrkja deildarstjóra sem stjórnendur.
- Verið er að vinna að skólanámsskrá, stjórnendur leikskólans munu nota júní mánuð til þessa.
- Hugmynd um að leikskólinn sendi út fréttabréf á alla foreldra þegar eitthvað stendur til eða einhverjar fréttir eru. Til að mynda með að úrbætur væru hafnar á Sólbrekku.
- Svana kynnti erindi foreldraráðs og foreldrafélags og fund félaganna með bæjarstjóra fyrir skólanefnd og að við munum leggja áherslu á að fá formleg svör við bréfnu. Ef ekki hafa borist svör innan 2-3 vikna þá verður send önnur ítrekun.
- Tillaga á skólanefndarfund að halda áfram samstarfi við Hreyfiland, mikil ánægja er meðal barna, foreldra og starfsfólks. Verður lagt fyrir fjárlaganefnd bæjarins og vonandi samþykkt.
- Spurning um að óska eftir að bæta við fjárlagalið í fjárlögum leikskólans sem er eyrnamerkur þjónustu sem hægt er að kaupa til dæmis Hreyfiland eða hjá Gróttu.
- Svana fór á fund hjá foreldrafélaginu, þar sem er saman kominn mjög öflugur hópur, fullur af hugmyndum. Til dæmis samhristingur foreldra að hausti til í Félagsheimilnu.
- Skólapúlsinn er spurningkönnun sem send er út til foreldra skólabarna. Fræðslufulltrúi er með málið hjá sér en stefnt er á að senda út könnun í haust. Foreldraráð búið að óska eftir að sjá spurningar áður en könnun verður send út.
- Athuga með foreldrakönnun sem var gerð fyrir 5 árum, Soffía kannar hvort hún finni þessa könnun.
- Að hausti, yngsta barn leikskólans verður 13 mánaða.

Fundi slitið 09:30.

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir.